

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
  - a. Yfir Strandveg neðan Breiðuvíkur móts við Garðsstaði.
  - b. Yfir Breiðuvík móts við hús nr. 27-29 og nr. 24.
  - c. Yfir Breiðuvík á gatnamótum við Hamravík.
  - d. Yfir Hamravík á gatnamótum við Mosaveg.
  - e. Yfir Víkurveg við gatnamót við Mosaveg.
  - f. Yfir Mosaveg við gatnamót við Víkurveg.
  - g. Yfir Mosaveg móts við Gautavík 17.
  - h. Yfir Mosaveg vestan Skólavegar.
  - i. Yfir Vættaborgir móts við hús nr. 32.
  - j. Yfir Móaveg móts við hús nr. 10.
2. Að hámarkshraði á eftirfarandi götum verði 30 km/klst.:
  - a. Á Mosavegi frá Víkurvegi austur fyrir Skólaveg.
  - b. Á Móavegi frá Vættaborgum austur fyrir Dísaborgir.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 8. júní 2020.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2020